



68. ársþing HSÍ haldid á Grand hótel 5. apríl 2025

Þingskjal nr: 4

Breytingar á lögum HSÍ:
Flutningsadili: Laganeftnd HSÍ

5. gr. Réttindi og skyldur aðildarfélaga

Öll aðildarfélög HSÍ hafa rétt til að taka þátt í mótum sem eru skipulögð á vegum HSÍ.

Allur handknattleikur skal fara fram samkvæmt lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og ISÍ og alþjóðlegum, (IHF), leikreglum sem samþykktar hafa verið af HSÍ og ber aðildarfélögum skylda til þess að virða þær reglur.

Félag sem tekur þátt í móti á vegum HSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, þjálfarar, dómrarar og forystumenn innan vélbanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir HSÍ, IHF og EHF.

Félagi sem tekur þátt í mótum á vegum HSÍ er skylt að virða ákvarðanir stjórnar HSÍ, nefnda HSÍ og dómstóla innan iþróttahreyfingarinnar.

Héraðssamböndin og iþróttabandalögini eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar HSÍ. Héraðssambönd, iþróttabandalög og aðildarfélög skulu senda stjórn HSÍ skýrslu um öll handknattleiksmótt sem þau halda og ársskýrslur sínar sé þess óskað.

Aðildarfélög HSÍ skuldbinda sig til að vinna að því að koma í veg fyrir lyfjamisnotkun.

Aðildarfélög HSÍ, leikmenn, og aðrir innan HSÍ skuldbinda sig til að vinna gegn hvers kyns óeðlilegum afskiptum, ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja. Aðilum, sem falla undir lög þessi og taka þátt í handknattleiksleikum á vegum HSÍ, er óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mótt. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í beim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinnung. Aðildarfélög HSÍ skuldbinda sig til að vinna að því að koma í veg fyrir óeðlilega þátttöku sinna félagsmanna í veðmálastarfsemi.

Greinargerð

Verið að bæta ákvæði um veðmálastarfsemi þar sem fyrra ákvæði var óljóst.